



SBU

Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga

Skýrsla stjórnar SBU
til aðalfundar
26. apríl 2011

Skýrsla stjórnar SBU 2010-2011

1. BHM og HugGarður

Frá árinu 1998 hefur Stéttarfélag bókasafns- og upplýsingafræðinga (SBU), áður Kjaradeild Félags bókasafnsfræðinga, verið stéttarfélag þeirra sem lokið hafa tilskyldu og viðurkenndu háskólanámi í bókasafns- og upplýsingafræðum auk þeirra sem lokið hafa meistaraþáttu í bókasafns- og upplýsingafræðum ofan á aðra háskólagráðu. Sbr. 3. gr. laga félagsins geta nemendur í bókasafns- og upplýsingafræðum einnig sótt um sérstaka nemaðild að SBU.

Félagið er aðili að Bandalagi háskólamanna (BHM) ásamt 25 öðrum fagstéttarfélögum sem flest eru skipuð einstaklingum einnar fagstéttar þar sem menntun félagsmanna liggur til grundvallar störfum þeirra og veitir þeim tiltekin starfsréttindi. Nýjustu félög BHM eru Félag leikstjóra á Íslandi og Félag íslenskra hljómlistarmanna, en Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er ekki lengur aðili að BHM.

Grundvallarmarkmið BHM

Grundvallarmarkmið bandalagsins er að efla fagstéttarfélög háskólamanna, standa vörð um samningsrétt þeirra og auka veg æðri menntunar á Íslandi. Starfsemi bandalagsins byggir þannig á tveimur meginþáttum: að menntun háskólamanna sé virt sem forsenda þróunar og framfara í íslensku atvinnulífi og að hún sé metin að verðleikum til launa.

Hlutverk BHM er að:

- koma fram fyrir hönd aðildarféлага og félagsmanna þeirra í sameiginlegum hagsmunamálum og baráttumálum
- semja við atvinnurekendur um sameiginleg réttindamál fyrir hönd aðildarféлага eftir umboði
- efla aðildarfélög og veita þeim þann styrk sem samtökin geta hverju sinni
- stuðla að aukinni þekkingu félagsmanna og trúnaðarmanna aðildarfélaganna á réttindum og kjaramálum
- vinna að kjara- og vinnumarkaðsrannsóknum
- standa vörð um grunn- og endurmenntun háskólamanna
- eiga samstarf við önnur samtök háskólamanna og annarra launamanna
- fylgjast með starfsemi handhafa dóms-, löggjafar- og framkvæmdarvalds og vinna að tillögum um breytingar á lögum til hagsbóta fyrir aðildarfélögin og félagsmenn þeirra
- sækja og verja fyrir þar til bærum stofnunum sameiginleg fordæmisgefandi réttinda- og kjaramál aðildarféлага og félagsmanna þeirra
- sjá um rekstur og ávöxtun sameiginlegra eigna aðildarfélaganna og/eða félagsmanna þeirra.

HugGarðssamvinnan

SBU hefur frá árinu 2000 verið aðili að HugGarði sameiginlegri þjónustuskrifstofu fimm stéttarféлага innan BHM: Félagi íslenskra félagsvísindamanna, Fræðagarði, Kjarafélagi viðskipta- og hagfræðinga, Stéttarfélagi lögfræðinga og SBU. Formenn HugGarðsfélaganna hittast reglulega til að ræða sameiginleg mál er varða félögin, skrifstofuna, BHM og kjarabaráttuna. Ákvarðanir og stefnumótun í stærri málum er þó alltaf hjá stjórnnum félaganna, kosnum fulltrúum grasrótarinnar. Hjá HugGarði vinna nú þrjú starfsmenn.

Almenn verkefni þjónustuskrifstofunnar

- HugGarður þjónar félagsmönnum aðildarféлага Huggarðs á sviði kjara- og réttindamála
- HugGarður aðstoðar við lausn ágreiningsmála er varða framkvæmd og túlkun kjarasamninga
- HugGarður er talsmaður einstakra félagsmanna gagnvart vinnuveitanda ef óskað er

Kaup og kjör

- HugGarður vinnur að gerð kjarasamninga fyrir aðildarfélög Huggarðs, bæði miðlæga kjarasamninga og stofnanasamninga í umboði stjórna aðildarfélaganna. Hvert stéttarfélag innan Huggarðs hefur þó sjálfstæðan samningsrétt
- HugGarður aðstoðar við gerð ráðningasamninga og túlkun á þeim
- HugGarður aðstoðar við útreikning á launum og innheimtu ef þörf krefur

Fræðsla og upplýsingagjöf

- HugGarður stendur fyrir ýmiskonar fræðslu og námskeiðahaldi fyrir félagsmenn er varða starfsmannamál, kjaramál og vinnumarkaðsmál.
- HugGarður gerir kannanir meðal félagsmanna, m.a. um kjör í aðdraganda kjarasamningagerðar.
- HugGarður tekur reglulega saman upplýsingar um launakjör félaga í aðildarfélögum.

Verkfnatengd ráðning atvinnulausrar

Sumarið 2010 réð HugGarður atvinnulausa félagsmenn í sérstaka verkefnavinnu. Það sem var skoðað voru starfshættir og -umhverfi stéttarfélaganna, hvornig þau geta tryggt hagsmuni félaganna sem best, bæta kjör þeirra og gefa háskólaþólki rödd í samfélaginu.

Tilgangur verkefninsins var að:

- Fá utanaðkomandi til að leggja mat á starfsumhverfi og aðferðir stéttarfélaganna
- Koma með ferska sýn á málið
- Fá fram tillögur og hugmyndir til að vinna eftir
- Hvernig aðlaga stéttarfélög sig nýjum veruleika

Ýmislegt kom fram í skýrslum hópanna um t.d.

- Innra starf félaganna og trúnaðarmannakerfi
- Þjónustu félaganna
- Kjara- og réttindamál

Evrópuhópur

Stofnaður hefur verið HugGarðshópur um Evrópumál sem er ætlað að leiða óhlutdræga umræðu um Evrópumál innan félaganna. Fulltrúi SBU er Svein Ólafsson.

2. Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga

Hlutverk

Samkvæmt félagslögum er hlutverk SBU:

- að standa vörð um kjaraleg réttindi félagsmanna
- að semja um kaup og kjör félagsmanna
- að stuðla að samstarfi við innlend og erlend stéttarfélög
- að fræða félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur

Stjórn og stjórnarfundir

Á aðalfundi félagsins 2010 voru eftirtaldir félagar kosnir til stjórnarsetu og á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum;

- Óskar Guðjónsson, formaður (kosinn sérstaklega)
- Sveinn Ólafsson, varaformaður
- Helga Halldórsdóttir ritari (fór í barnseignarfrí í jan.)
- Sigrún Guðnadóttir, gjaldkeri
- Margrét Ögn Rafnsdóttir, meðstjórnandi
- Bára Stefánsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir: María Frímannsdóttir og Ása Þórðardóttir.

Það er e.t.v. tilviljun en ekki óeðlilegt að samsetning stjórnar endurspeglar nokkurn veginn samsetningu starfsvettvangs félagsmanna. Þetta auðveldar alla upplýsingagjöf, verkaskiptingu og umræðu innan stjórnar um launasamsetningu og kjarasamningagerð miðað við ólíka viðsemjendur.

Starfsárið var annasamt og stjórn mjög virk. Árið var kjarasamningaár, þó lítið hafi farið fyrir eiginlegum samningafundum við viðsemjendur. Mikill tími stjórnar fór í fundahöld vegna undirbúnings kjarasamninga á stjórnar-, HugGarðs- og BHMvettvangi. SBU átti fjóra fulltrúa á aðalfundi BHM 2010 og á Kjararáðstefnu í maí. Formaður eða varaformaður sátu mánaðarlega miðstjórnarfundi BHM og formaður fundi HugGarðsstjórnar, en stjórnarformennska var í höndum SBU þetta árið. Reglulega var boðað til sameiginlegra stjórnafunda HugGarðs, fræðslu- og vinnufundir þar sem farið var yfir það helsta á döfinni í samstarfinu, kjarasamnings- og kröfugerð o.fl.. Stjórnarmenn hafa einnig sótt fundi Kjara- og réttindahóps BHM, en hlutverk hans er að vera bakland fyrir viðræður BHM er lúta að hinum ýmsu kjarasamningum og stöðugleikasáttmála. Stjórnarmenn eiga fulltrúa í sjóðum BHM og hafa tekið virkan þátt í ýmsu hópastarfi innan HugGarðs. Stjórnarmenn hafa átt nokkra fundi með félagsmönnum og kallað var eftir áherslum þeirra í kjaramálum. Meginþungi réttinda-gæslunnar er þó jafnan í höndum starfsmanna HugGarðs og mikið álag verið á þremmenningunum er þar starfa. Samstarf við Upplýsingu var eft til muna á árinu, en SBU tók af skarið um samvinnu félaganna um ímyndarvinnu stéttar og starfs. Velheppnaður Bókasafnsdagur var fjárhagslega studdur af félaginu. Stjórn félagsins tók þátt í undirbúning og kynningu HugGarðs á framadögum háskólanna í ársbyrjun. Varaformaður hefur skrifað reglulega um stéttarfélagsmál í dagblöð og tekið þátt í umræðu á öldum ljósvakans. Nýverið komu svo 20 nemar í bókasafns- og upplýsingafræði í vísindaferð í húsakynni BHM. Þetta er í fjórða sinn sem staðið er að slíkum nemakynningum og hafa þær jafnan verið góður vettvangur jákvæðra og gagnkvæmra skoðanaskipta um hlutverk stéttarfélags frá sjónarhóli fólks sem sumt hvert er að stíga sín fyrstu spor á vinnumarkaði.

Félagafjöldi og starfsvettvangur

Í janúar 2011 voru skráðir félagar í SBU 269 talsins og hefur því fjölgað um 9 frá síðasta aðalfundi. Félagasamsetning SBU miðað við vinnustað, er nokkuð á skjön við samstarfsfélögin í HugGarði. Þau eru einsleit að því leyti að mikill meirihluti félagsmanna þeirra starfar hjá ríkinu, en dreifingin milli viðsemjenda SBU er mun jafnari. Að sama skapi sker kynjahlutfall félagsmanna SBU sig verulega frá hinum félögunum. Innan við 10% félagsmanna eru karlmenn. $\frac{3}{4}$ hluti félagsmanna SBU starfar á höfuðborgarsvæðinu.

Virkir og fullgildir félagar eftir kyni og starfsvettvangi í janúar 2011		
	Fjöldi	Hlutfall
Félagsmenn alls	269	100%
Kynjahlutfall		
Karlar	26	9,7%
Konur	243	90,3%
Starfsvettvangur		
Ríkisstarfsmenn	97	36,1%
Sveitarfélög	82	30,5%
Reykjavíkurborg	36	14,1%
Almennur markaður	44	16,7%
Atvinnulausir*	7	2,6%

Heimild: Félagatal SBU, jan 2011



Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu virkra félagsmanna SBU eftir kyni og starfsvettvangi í apríl 2011. Atvinnuleysi meðal félagsmanna SBU var nánast óþekkt en fór verulega að gera vart við sig 2009 og virðist nú vera orðið viðvarandi.

Trúnaðarmenn SBU


Undanfarin ár hefur verið lögð mikil áhersla á skipun virkra trúnaðarmanna á vegum félagsins, HugGarðs og BHM. Fastur liður í starfsemi BHM er einmitt árlegir fræðslufundir fyrir verðandi og starfandi trúnaðarmenn. Staðan hjá SBU er nokkuð góð miðað við félagafjölda, en 14 trúnaðarmenn félagsins eru til taks á mismunandi vinnustöðum. Nokkuð er um að á smærri stöðum gegni trúnaðarmaður hlutverkinu fyrir fleiri en eitt stéttarfélag. Sjá: www.bhm.is/huggardur/trunadarmenn/trunadarmannalisti/

Launasamsetning og –þróun félagsmanna SBU

Meðfylgjandi töflur sýna launaþróun félagsmanna 2008-2010. Úr þeim má lesa ýmislegt, t.d. lág grunnlaun starfsmanna sveitarfélaga og borgarinnar samanborið við aðra félaga. Myndin snýst síðan við þegar heildarlaunin eru skoðuð, en endurspeglar jafnframt vægi annarra launaþátt hjá viðkomandi hópum. Á óvart kemur að munurinn á almennum og opinberum markaði er ekki meira en raun ber vitni. Á heildina litið ber hún vitni um lág laun innan SBU.



Hlutfall dagvinnulauna af heildarlaunum fullvinnandi félagsmanna í SBU eftir starfsvettvangi



Heimildir ÓJT 2010

Meðfylgjandi tafla unnin uppúr launagögnum BHMLaunþega af skrifstofu BHM, sýnir röðun starfsmanna í stéttarfélögum hjá ríkinu eftir dagvinnulaunum árin 2009 og 2010. Samkvæmt töflunni virðumst við nokkurn veginn halda við í launum meðan önnur félög sveiflast mörg á verri veg. Enn á ný skera þó lág heildarlaun SBUfélaga sárlega í augun samanborðið við aðra.

Laun hjá ríki í febrúar 2009 og 2010

Raðað eftir dagvinnulaunum 2010

	2009			2010			Breyting milli ára		
	starfh	DL	HL	starfh	DL	HL	DL	HL	
Félag próffessor				248,4	547.462	596.353			
Dýralæknafél	42,1	444.115	487.347	41,47	465.697	634.205	-1,52%	4,86%	30,13%
Stéttarfé lögr	257,6	430.141	530.507	262,74	432.659	528.501	1,97%	0,59%	-0,38%
KVHF	358,8	421.495	533.574	376,09	426.374	524.796	4,80%	1,16%	-1,65%
FHSS	420,6	418.246	503.251	424,79	416.031	481.874	0,99%	-0,53%	-4,25%
Sálfræðingafél	106,6	407.616	439.430	105,73	407.702	433.270	-0,83%	0,02%	-1,40%
Ljósmeðraféla	159,7	399.622	529.016	161,69	401.236	513.396	1,23%	0,40%	-2,95%
Félagsvísindam	78,30	398.692	450.291	86,47	399.680	442.620	10,43%	0,25%	-1,70%
Kennarafél KI	150,7	369.831	463.233	133,50	375.613	442.416	-11,4%	1,56%	-4,49%
Fræðagarður	484,0	370.514	427.118	507,26	375.554	425.423	4,80%	1,36%	-0,40%
FÍN	645,3	370.090	434.597	633,13	375.273	419.533	-1,89%	1,40%	-3,47%

FÍHAK	123,6	369.241	435.115	111,74	374.815	434.172	-9,59%	1,51%	-0,22%
FH	604,0	367.053	422.140	597,12	369.359	409.949	-1,15%	0,63%	-2,89%
SBU	86,93	362.716	389.909	86,17	364.232	393.826	-0,88%	0,42%	1,00%
Iðjubjálfafél	60,57	363.545	390.123	59,26	363.442	382.494	-2,16%	-0,03%	-1,96%
Félagsráðgjaf	83,85	353.041	372.505	79,73	356.781	372.531	-4,91%	1,06%	0,01%
Félag leikstjór				3,50	355.562	386.811			
Sjúkráþjálfar	86,10	342.837	393.483	85,69	345.810	392.899	-0,48%	0,87%	-0,15%
Þroskaþjálfar	148,3	331.548	401.342	157,76	329.271	389.469	6,36%	-0,69%	-2,96%
Lífeindafræð	1894	319.665	492.761	191,95	327.000	454.321	1,14%	2,29%	-7,80%
Leikarafélag Ís	34,09	314.963	361.990	38,67	319.333	428.331	13,45%	1,39%	18,33%
Geislafræðing	77,38	314.670	511.576	80,53	312.681	464.151	4,07%	-0,63%	-9,27%

3. Atvinnumálin

Atvinnuleysi á landinu í mars 2011 var 8,6% eða 13.757 manns að meðaltali. 15% atvinnulausa eru háskólamenntaðir. Upplýsingar um atvinnuleysi BHMfélaga eru fengnar úr félagatali. Um er að ræða atvinnulausa félagsmenn sem kjósa að greiða til stéttarfélaga af atvinnuleysisbótum. Gera má ráð fyrir að raunverulegt atvinnuleysi sé umtalsvert meira, því einhver hópur greiðir ekki af bótum til stéttarfélags og aðrir hættir því. Ýmissa leiða hefur verið leitað til þess að styðja atvinnulausa félagsmenn innan BHM, t.d. með fyrirlestrum og námskeiðahaldi fyrir félagsmenn í atvinnuleit. Leitað hefur verið eftir því að aðild að sjúkra- og styrktarsjóði BHM verði breytt þannig að atvinnulausir geti haldið réttindum sínum lengur. Reglum orlofssjóðs hefur einnig verið breytt þannig að atvinnulausir geta haldið réttindum.

Atvinnulausir	2011			2010									2009	
	03	02	01	12	11	10	09	08	06	05	04	03	12	11
Dýralæknafélag Ísl	1	1	1	1	1	1	1	1	2	3	3	3	1	1
Félag fréttamanna	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	1	0	4
Félag geislafræð	1	2	2	2	0	1	1	3	3	3	3	4	5	6
Félag háskólakenn	10	9	10	8	8	8	10	16	12	9	8	8	8	0
Félag háskólaken A	2	1	2	2	2	2	3	2	2	1	1	1	0	0
Félag háskólamm stm stjórnarráðs	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Fél ísl félagsvism	8	9	5	3	3	2	3	3	3	3	5	5	5	4
Félísl hljómlistarm	6	7	0	7	6	0	8	0	0	0	0	0	0	0
Félag Íslenskr náttú	38	36	30	31	26	20	20	28	32	34	30	32	23	23
Félag leikstjóra	6	5	5	0	3	1	1	1	0	0	1	1	0	0
Félag lífeindafr	2	3	3	0	3	3	3	1	1	1	0	2	1	1
Félagsráðgjafafélag	1	1	1	2	0	0	1	4	5	6	4	4	1	2
Fræðagarður	29	29	33	27	28	25	27	31	32	30	26	29	29	29
Iðjubjálfafél	3	2	3	3	4	5	5	8	7	7	7	7	3	3
KFVH	7	8	7	8	8	9	7	9	15	15	13	14	9	10
Leikarafélag Ísl	3	1	2	2	1	0	1	1	1	1	0	0	0	0
Ljósmeðrafélag Ís	1	2	2	4	4	3	2	1	1	4	5	4	3	3
Sálfræðingafélag Ís	4	4	4	3	3	4	4	4	7	6	3	4	2	2
SBU	7	7	6	5	4	2	4	7	7	7	7	7	10	11
Stéttarfélag lögfræð	8	8	6	7	8	7	8	6	6	5	6	7	5	6
Stéttarfélag sjúkráþj	0	1	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	1	1
Þroskaþjálfafélag Ís	5	7	6	7	6	6	5	8	8	7	5	5	6	6
<i>Heimild : VMST</i>														
	143	144	130	123	119	99	114	134	144	143	128	138	112	112

Í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði ákvað stjórn SBU strax árið 2009 að styðja atvinnulausa félagsmenn með því að bjóða þeim að taka þátt í verkefninu „Nýttu kraftinn“ sem er 3ja mánaða ferli þar sem atvinnuleitendur ganga til hvers dags sem vinnudagur væri með það í huga að gera sjálfan sig samkeppnishæfari í atvinnuleit. Markmiðið er að hvetja atvinnulausa einstaklinga til að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Þetta frumkvæði SBU, sem er félagsmönnum að kostnaðarlausu, hefur mælst vel og vakið eftirtekt innan BHMsamfélagsins. Nánari upplýsingar um Nýttu kraftinn má finna hér: www.nyttukraftinn.is/. Enginn félagsmaður SBU hefur enn nýtt sér þetta úrræði.



Tafla B3 - Fjöldi atvinnulausra í lok mán. eftir helstu menntaflokkum						
	Fjöldi í lok mánaðar eftir menntun:			Fjöldi í lok mars- mánaðar eftir kyni		
	Mars 2011	%	Febrúar 2011	Mars 2010	Karlar	Konur
Grunnskólanám	7.790	52%	7.768	8.602	4.587	3.203
Ýmis framh.skólanám	529	4%	522	541	196	333
Vélstj.-stýrimannanám	161	1%	189	163	159	2
Iðnnám	2.112	14%	2.134	2.524	1.681	431
Verslunarpróf (2 ár)	335	2%	336	370	76	259
Stúdentspróf	1.719	12%	1.708	1.945	746	973
Háskólanám/sérskólar	2.219	15%	2.216	2.337	1.037	1.182
Alls	14.865	100%	14.873	16.482	8.482	6.383

Heimild : Vinnumálastofnun

Ljóst er að atvinnuleysi er orðið viðvarandi innan raða SBU og mál sem tengjast uppsögnum og kjaraskerðingum félagsmanna eru orðin „harðari“ Fjöldi félagsmanna sem leita til skrifstofunnar til þess að fá upplýsingar eða ráðgjöf hefur einnig aukist. Stjórn SBU hefur átt fundi með ýmsum félagahópum sveitarfélaga sem og safnstjórum í grunnskólasöfnum Reykjavíkurborgar. HugGarðsfélögin og BHM hafa einnig staðið fyrir fundum um þessi mál og sent frá sér yfirlýsingar og samþykktir þar sem margvíslegum kjaraskerðandi aðgerðum er harðlega mótmælt. Fyrirsjálegt er að fjöldi atvinnulausra getur aukist með haustinu vegna fyrirliggjandi uppsagna á vinnuhlutföllum og afgerandi hagræðingaaðgerða t.d. á Landspítala, en þar missa 4 SBUfélagar vinnu. Félagsmenn eru hvattir til að vera í sambandi við stjórn og skrifstofu með öll slík mál, ekki síst til að ganga úr skugga um að lögformlega sé staðið að aðgerðum og ekki sé gengið á rétt félaga á einn eða annan hátt.

4. Kjaraviðræður og kjaramál

Kjararáðstefna BHM var haldin 12. maí 2010 og sátu allir stjórnarmenn hana og tóku virkan þátt í umræðum og hópastarfi.. Markmið ráðstefnunnar voru að móta launastefnu BHM, leggja mat á kjarabróun síðustu missera og ræða framgöngu og samvinnu í fyrirhuguðum kjarasamningum. Fjöldmörg mál voru tekin fyrir á ráðstefnunni, s.s. kaupmáttarþróun, verðgildi háskólamenntunar, framganga í kjarasamningum og vinnutímaumhverfi. BHM kom að gerð stöðugleikasáttmálans á sínum tíma. BHM taldi aðildina mikilvæga, þó að innihald sáttmálans væri ekki sniðið að hagsmunum háskólamenntaðra á vinnumarkaði. Litið var á að almennur stöðugleiki í efnahagsumhverfinu væri mikilvægari en að tryggja sérhagsmuni einstakra hópa.

Í kjölfar ráðstefnunnar lýsti BHM því síðan yfir að bandalagið myndi ekki taka þátt í framlengingu stöðugleikasáttmála yrði ekki breyting á þeirri launastefnu sem lýst var í sáttmálanum. Kjarasamningar aðildarféлага BHM hafa verið lausir í á annað ár og hefur félögunum ekki boðist að ræða áherslumál sín við viðsemjendur á þeim tíma. Í undan-gengnum kjarasamningum hefur vægi háskólamenntunar farið sífellt minnkandi og getur

BHM ekki samþykkt framhald á þeirri þróun. Félagsmenn aðildarféлага BHM búa við skert launakjör, aukið álag og óvissu um störf. Fjölmargir í þeim hópi greiða árlega sem svarar einum mánaðarlaunum í afborganir af námslánum, en ekkert tillit hefur verið tekið til námslána í greiðsluferfiðleikaúrræðum af hálfu ríkisins. Minnkandi vægi menntunar í launasetningu er þjóðhagslega óhagkvæm stefna, enda mikilvægt að fólk skili sér inn og haldist á íslenskum vinnumarkaði að loknu langskólanámi.

Stjórn SBU vann áfram ásamt stjórn HugGarðs með niðurstöður ráðstefnunnar að mótun kröfugerða félagsins og undirbúning kjaraviðræðna. Ákveðið var að hvert félag semdi fyrir sig en HugGarðsfélögin hefðu sameiginlegan undirbúning og tiltækt bakland þegar að viðræðum kæmi. Kjara- og réttindanefnd BHM var einnig vettvangur samningaundirbúnings, en hlutverk nefndarinnar er að vera bakland fyrir viðræður er lúta að kjarasamningum og vera leiðbeinandi um kröfu- og samningsgerð. Á reglulegum fundunum er farið yfir stöðu mála og fjallað um þær hugmyndir sem uppi eru hverju sinni.

Að undangenginn fyrirspurn til félaga um áhersluatriði og sérmál vegna samningagerðar var gengið frá kröfugerð félagsins í nóvemberbyrjun. Kjaraviðræður við viðsemjendur fóru af stað í kringum áramót, en örstuttir fundir voru haldnir með öllum viðsemjendum þar sem SBU kynnti samninganefnd sína og kröfugerð. Um frekari samningafundi hefur síðan ekki verið að ræða og samningamálin nú komin í hendur sameiginlegrar samninganefndar BHM sem samsett er af fulltrúum frá hverju félagi. Afmörkuð sérmál einstakra félaga verða þó áfram á þeirra hendi. Af hálfu HugGarðsfélaganna og samninganefndar sveitarfélaganna hefur reyndar nokkur vinna verið lögð í að endurskoða alla þætti kjarasamninga félaganna, utan launaliðar. Þeirri vinnu er nú lokið, en eiginlegir launasamningar eru í biðstöðu. Frá borginni hefur ekki heyrst bofs.

Lokaorð

Framundan er gerð kjarasamninga. Undirbúningi er lokið og krafa félagsmanna háskólasamfélagsins er ótvíræð. Kaupmáttarrýrnun undanfarinna ára verður að vinna til baka með einum eða öðrum hætti. Meira verður ekki lagt á millistéttirnar. Stéttabaráttan hefur alltof lengi verið varnarbarátta, en kemur væntanlega til með að vera það enn um sinn, en félögin er engu að síður að skoða hvað meðala þau geti gripið til heldur fram sem horfir. Í komandi samningum verður örugglega erfitt að sækja launahækkanir, en einhverjar hækkanir verða að koma því engar hafa þær verið síðan í janúar 2008. Kreppan er ekki bara á ríkisstjórnarheimilinu, hún herjar einnig á heimilum landsmanna og fer dýpkandi. Standa verður við bakið á félögum okkar sem að er vegið og krefjast að leikreglur vinnumarkaðarins séu virtar.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu í stjórn SBU og starfsfólki HugGarðs fyrir frábær störf og góða samvinnu á starfsárinu og SBUfélögum alls hins besta á sumri komanda.

Kópavogur 24 apríl 2011

*Fyrir hönd stjórnar SBU
Óskar Guðjónsson
Formaður*